

Ed.

146. Nefndarálit

[17. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið oliugjald til fiskiskipa, sbr. lög nr. 11 11. apríl 1980.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sú lagagerð, sem hér liggur fyrir, er enn ein sönnun þess ráð- og stjórnleysis sem nú ríkir í landinu. Í þriðja sinn á þessu ári er gripið til þess ráðs að breyta oliugjaldi til fiskiskipa, en með þeim hætti var falskur grundvöllur lagður að síðustu fiskverðsákvörðun. Augljóst er að hér er einvörðungu tjaldað til einnar nætur og því raunverulegri lausn vandans skotið á frest. Sérstaða þessarar breytingar á oliugjaldinu er fólgin í að sjómannasamtökin hafa lýst sig algjörlega andvíg þessari ráðstöfun sem leiddi til þess, að sjómenn treystu sér ekki til að samþykkja síðustu fiskverðsákvörðun.

Við undirritaðir nefndarmenn teljum að hlut útgerðar vegna hækkunar á oliuverði eigi að bæta og erum reiðubúnir að eiga hlut að lausn þess vanda sem byggist á nýjum leiðum og samkomulag næst um milli hagsmunaaðila.

Alþingi, 21. nóv. 1980.

Guðmundur Karlsson,
frsm.

Egill Jónsson.